

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Borgarráð**Sendandi:** Mannauðs- og starfsumhverfissvið**Stofnun ársins 2025**

Viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar (Stofnun ársins) var lögð fyrir í nóvember og desember 2025. Reykjavíkurborg tekur nú í fjórða sinn þátt í könnuninni Stofnun ársins sem tók við af viðhorfskönnun meðal starfsfólks sem Reykjavíkurborg hafði framkvæmt í 18 ár.

Markmið könnunarinnar er að greina styrkleika og áskoranir í starfsumhverfi og stjórnun starfsstaða starfsfólki til hagsbóta. Könnunin er byggð upp af níu þáttum sem eru; stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti.

Könnunin Stofnun ársins er samstarfsverkefni Sameykis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og annarra stofnana en hún náði í ár til um 36 þúsund þátttakenda og var heildarsvarhlutfall könnunarinnar um 52%. Könnunin náði til 9.451 starfsmanna Reykjavíkurborgar og alls bærust 6.089 svör og var svarhlutfallið því 64% sem er betra en síðustu ár. Í töflunni hér að neðan má sjá svarhlutfall eftir sviðum ásamt samanburði við svarhlutfall í síðustu viðhorfskönnun meðal starfsfólks Reykjavíkurborgar.


Tafla 1. Svarhlutfall

	2025	2024	2023	2022
	Svarhlutfall	Svarhlutfall	Svarhlutfall	Svarhlutfall
Reykjavíkurborg	64%	59%	58%	51%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	85%	72%	70%	71%
Mannauðs- og starfsumhverfissvið	78%	94%	94%	94%
Menningar- og íþróttasvið	77%	74%	74%	63%
Skóla- og frístundasvið	65%	58%	57%	48%
Skrifstofur Ráðhúss (miðlæg stjórnsýsla)	81%	79%	81%	82%
Umhverfis- og skipulagssvið	51%	57%	55%	49%
Velferðarsvið	61%	53%	55%	51%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	88%	82%	86%	74%

Mynd 1 sýnir heildarmat ásamt einkunnum þátta í samanburði við einkunnir frá því í fyrra. Þátturinn jafnrétti kemur best út og þátturinn launakjör kemur verst út. Þetta er í samræmi



við niðurstöður frá síðasta ári. Hækkun er á öllum þáttum frá síðasta ári. Mesta hækkunin er á þættinum launakjör en hann hækkar um 0,32 stig.



Mynd 1. Meðaltöl allra þátta með samanburði við fyrra ár.


Ef skoðaðar eru spurningar sem mynda þættina hér að ofan þá má sjá á mynd 2 hvaða fimm spurningar eru hæstar og hvaða fimm eru lægstar.

Hæst er spurningin hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt. Næst hæsta spurningin er um það hvort starfsfólk geti leitað til næsta yfirmanns ef á þarf að halda. Næstu þrjár spurningar tilheyra þættinum jafnrétti og eru „Á mínum starfsstað njóta allir jafnræðis óháð t.d. aldri, kyni, uppruna, kynhneigð, eða trúar- eða lífsskoðun“, „Á mínum starfsstað finnst mér starfsfólk fá sömu tækifæri til starfsframa, óháð kyni“ og „Á mínum starfsstað er skýr stefna um jafnrétti kynja“. Sömu fimm spurningar voru hæstar á síðasta ári.


Af fimm lægstu spurningunum snúa þrjár að launum, þ.e. ein hvort fólk telji vinnuveitanda greiða svipuð laun og hægt væri að fá á öðrum stöðum, önnur um ánægju með launakjör og sú þriðja um hvort laun séu ákvörðuð af sanngirni. Að auki er spurning sem snýr að hljóðvist eina af lægstu spurningunum sem og spurning um loftgæði. Sömu fimm spurningar voru lægstar á síðasta ári.



Hæstu 5



Lægstu 5



Mynd 2. Hæstu og lægstu spurningarnar hjá Reykjavíkurborg.


Í töflu 2 má sjá heildareinkunn þátta eftir sviðum. Grænmerktir reitir tákna hækkun á milli ára, rauðmerktir lækkun á milli ára og hvít merking tákna enga breytingu á milli ára.

Tafla 2. Heildareinkunn þátta eftir sviðum (litakóðað eftir breytingum á milli ára).

	FAS	MOS	MÍR	SFS	RHUS	USK	VEL	ÞON	RVK heild
Heildareinkunn	3,93	4,08	4,24	4,21	4,05	3,82	4,17	4,11	4,18
Stjórnun	4,17	4,27	4,34	4,40	4,24	4,01	4,31	4,33	4,35
Starfsandi	4,05	4,38	4,35	4,37	4,37	4,18	4,38	4,38	4,36
Launakjör	2,95	3,31	3,33	3,21	3,39	2,80	3,39	3,12	3,25
Vinnuskilyrði	3,67	3,70	3,92	3,76	3,60	3,62	3,81	3,85	3,77
Sveigjanleiki í vinnu	4,62	4,35	4,45	4,28	4,29	4,19	4,21	4,53	4,27
Sjálfstæði í starfi	4,10	4,36	4,40	4,31	4,20	3,95	4,29	4,16	4,29
Ímynd	3,50	3,63	4,38	4,28	3,38	3,10	4,11	3,49	4,16
Ánægja og stolt	4,01	4,17	4,41	4,40	4,26	3,94	4,31	4,34	4,35
Jafnrétti	4,12	4,31	4,44	4,54	4,44	4,21	4,41	4,42	4,48




Vinnuálag hefur farið minnkandi síðustu ár en alls sögðu 39% starfsfólks vinnuálag vera of mikið miðað við að á síðasta ári sögðu 43% vinnuálag vera of mikið. Sjá á mynd 3.



Mynd 3. Hlutfall þeirra sem segja vinnuálag vera of mikið.


Þemasurningarnar í ár sneru að veikindafjarvistum á vinnustöðum. Starfsfólk var spurt að því hvort að þeirra mati væri mikið eða lítið um fjarvistir vegna veikinda á þeirra starfsstað. Niðurstöður sýndu að 46% svöruðu því að það væri frekar eða mjög mikið um veikindi á þeirra starfsstað en 24% að það væri frekar eða mjög lítið um veikindi. Sjá nánar mynd 4.



Mynd 4. Er mikið eða lítið um fjarvistir vegna veikinda í þinni deild/starfsstöð, að þínu mati?




Einnig var spurt hversu marga daga, ef einhverja, fólk hafi verið frá vinnu vegna þátta sem hægt væri að reka til vinnunnar, stjórnunar, starfsumhverfisins eða samskipta á vinnustaðnum á síðustu þremur mánuðum. Alls sögðu 92,7% ekki hafa verið fjarverandi vegna þessara þátta en 7,3% voru fjarverandi vegna þessara þátta 1 dag eða fleiri. Mynd 5 sýnir þessar niðurstöður nánar.



Mynd 5. Fjarvera frá vinnu vegna þátta sem má rekja til vinnu, stjórnunar, starfsumhverfis eða samskipta á vinnustað.

Skoðað var hvort fólk þekki til viðverustefnu Reykjavíkurborgar. Alls sögðust 50% þekkja viðverustefnuna mjög eða frekar vel, 21% sögðust þekkja hana mjög eða frekar illa og 3% sögðu slíka stefnu ekki vera til staðar á vinnustaðnum. Sjá nánar á mynd 6.



Mynd 6. Hversu vel eða illa þekkir þú viðverustefnu vinnustaðarins?


Hjálagt: Skýrsla með heildarniðurstöðum.

Virðingarfyllst,
Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri
Mannauðs- og starfsumhverfissvið



Reykjavíkurborg

Stofnun ársins 2025 - Reykjavíkurborg





Efnisyfirlit

Framkvæmd

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við aðrar starfsstöðvar og starfsstöðvar á sama sviði

Helstu niðurstöður - Þættir

Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

Mestu breytingar

Heildarmat

Stjórnun

Starfsandi

Launakjör

Vinnuskilyrði

Sveigjanleiki vinnu

Ímynd

Sjálfstæði í starfi

Ánægja og stolt

Jafnrétti

Aðrar spurningar utan þátta

Streitueinkenni

Fjarvistir

6,089

Fjöldi svarenda: Reykjavíkurborg

Stofnun ársins 2025



Framkvæmdatími var október til desember 2025

Heildarlisti starfsfólks var 9.491 manns á tæplega 400 starfsstöðvum

Niðurstöður byggjast á svörum tæplega 6.100 svarenda

Svarhlutfall könnunarinnar í heild var 64%

Hvernig nýtir þú niðurstöður með sem bestum hætti?

Ráðgjafar Gallup hafa mikla reynslu af eftirfylgni starfsmannakannana og vinnu með stjórnendum og starfsfólki.

- Kynning á niðurstöðum fyrir starfsfólki / stjórnendum
- Vinnustofur og umbótavinna í kjölfar kannana með starfsfólki
- Vinnustaðagreiningar með Gallup Access, kannana og fræðsluviðmóti Gallup
- Stjórnendabjálfun
- Styrkleikamat, styrkleikabjálfun með *CliftonStrengths*
- Fræðslufyrirlestrar um stjórnun og helgun starfsfólks

Náðu árangri með Gallup

**Hafðu samband til að
fá nánari upplýsingar**



Tómas Bjarnason
Sími: 860-1025
tomas.bjarnason@gallup.is



Guðrún Hrönn Hilmarsdóttir
Sími: 692-9727
gudrun@gallup.is




Rannveig Gústafsdóttir
Sími: 864-3943
rannveig@gallup.is



Auðunn Gunnar Eiríksson
Sími: 693-0494
audunn@gallup.is

Helstu niðurstöður - Þættir

Reykjavíkurborg




Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir




Reykjavíkurborg

Hæstu 5



Lægstu 5



Mestu breytingar

Tíu mestu breytingar eru valdar úr spurningunum sem mynda þætti úr Stofnun ársins – aðrar spurningar gætu hafa breyst meira

Reykjavíkurborg

Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Spurningar

Ánægja með launakjör.

Breyting

0.43

Laun starfsfólks starfsstaðarins eru ákveðin af sanngirni.

0.38

Telur þú vinnuveitanda þinn greiða þér betri, svipuð eða verri laun en þú gætir fengið á öðrum vinnustöðum fyrir sambærilegt starf og vinnutíma?

0.14

Ánægja með hljóðvist (ánægja eða óánægja þín með hljóð í rýminu).

0.12

Ég á auðvelt með að taka sumarfrí/önnur frí á þeim tíma sem mér hentar.

0.08

Ánægja með lýsingu.

0.06

Þegar á heildina er litið hafa viðskiptavinir/þjónustuþegar jákvæða afstöðu til starfsstaðarins.

0.06

Ég á auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

0.06

Mér finnst ég hafa næga yfirsýn yfir allt sem krafist er af mér í starfi.

0.06

Ertu ánægð(ur)(t) eða óánægð(ur)(t) með þann sveigjanleika sem þú hefur í vinnunni?


0.06

Heildarmat


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg

■ Reykjavíkurborg




Próun




Stjórnun

Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Próun




Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“, „Mjög óánægð(ur)(t) (1) - Mjög ánægð(ur)(t) (5)“ og „Mun verri (1) - Mun betri (5)“

Starfsandi


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“


Próun




Launakjör

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Reykjavíkurborg



Próun




Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“, „Mjög óánægð(ur)(t) (1) - Mjög ánægð(ur)(t) (5)“ og „Mun verri (1) - Mun betri (5)“

Vinnuskilyrði


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög óánægð(ur)(t) (1) - Mjög ánægð(ur)(t) (5)“


Próun



Sveigjanleiki vinnu


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Aldrei (1) - Alltaf (5)“ og „Mjög óánægð(ur)(t) (1) - Mjög ánægð(ur)(t) (5)“

Próun



Ímynd


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“


Próun



Sjálfstæði í starfi


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“


Próun



Ánægja og stolt


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“

Próun



Jafnrétti


Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Reykjavíkurborg



Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“

Próun



Aðrar spurningar utan þátta



Reykjavíkurborg

Meðaltal (1-5)



Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Svarmöguleikar voru: „Mjög ósammála (1) - Mjög sammála (5)“

Aðrar spurningar utan þátta



Reykjavíkurborg

Já (%)

Fórst þú í starfsmannasamtal/starfsþróunarsamtal á síðustu 12 mánuðum?



Samanburður er við mælingu frá 2023

Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 20$

Of mikið álag (%)

Er vinnuálag þitt of mikið, hæfilegt eða of lítið?




Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 20$

Streitueinkenni

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5


Reykjavíkurborg



Samanburður er við mælingu frá 2023

Svarmöguleikar voru: „Mjög oft (1) - Mjög sjaldan (5)“

Próun



Meðaltal (1-5)

■ Reykjavíkurborg

Er mikið eða lítið um fjarvistir vegna veikinda í þinni deild/starfsstöð, að þínu mati? 2,74

Hversu vel eða illa þekkir þú viðverustefnu vinnustaðarins (þ.e. stefna um viðbrögð við veikindafjarvistum, endurkomu til starfa o.fl.)? 3,41

Svarmöguleikar voru: „Mjög mikið (1) - Mjög lítið (5)“ og „Mjög illa (1) - Mjög vel (5)“

Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 5$

Engin slík stefna er á vinnustaðnum (%)

Hversu vel eða illa þekkir þú viðverustefnu vinnustaðarins (þ.e. stefna um viðbrögð við veikindafjarvistum, endurkomu til starfa o.fl.)? 3%

Sýnt er hlutfall þeirra sem segja „Engin slík stefna er á vinnustaðnum“

Já (%)


Veist þú hvað „Bradford“ stig eru? 48%

Sýnt er hlutfall þeirra sem segja „Já“

Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 20$

Hvernig tilkynnir þú fjarvistir vegna veikinda á þínum starfsstað?

■ Reykjavíkurborg



Niðurstöður eru ekki birtar ef $n < 20$